

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008
gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni, kt. 240766-3109,
Granaskjóli 28, Reykjavík
og
Sigríði Elínu Sigfúsdóttur, kt. 240855-2679,
Útverkum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,

fyrir umboðssvik, með því að hafa í störfum sínum fyrir Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, Reykjavík (hér eftir Landsbankinn), ákærði Sigurjón sem bankastjóri og ákærða Sigríður Elín sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, bæði meðlimir í lánanefnd bankans, misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í verulega hættu, með því að fara út fyrir heimildir til veitingar ábyrgða, er þau í sameiningu:

- 1) Samþykktu og undirrituðu fyrir hönd Landsbankans, sjálfskuldarábyrgðir Landsbankans á lánssamninga Kaupþings banka hf. (hér eftir Kaupþing), dagsetta 4. júlí 2006:
 - a. við félagið Empennage Inc., skráð á Panama, að fjárhæð 2.500.000.000 króna, en lán Kaupþings til félagsins var tryggt með veði í hlutabréfum í Landsbankanum að nafnvirði 122.550.000 krónur. Lánið var á gjalddaga 30. júní 2007.
 - b. við félagið Zimham Corp., skráð á Panama, að fjárhæð 4.300.000.000 króna, en lán Kaupþings til félagsins var tryggt með veði í hlutabréfum í Landsbankanum að nafnvirði 210.800.000 krónur. Lánið var á gjalddaga 30. júní 2007.

Ábyrgðirnar voru veittar án utanaðkomandi trygginga. Ákærðu afgreiddu ábyrgðirnar á milli funda lánanefndar Landsbankans og bókað var um þá afgreiðslu í fundargerð lánanefndar 5. júlí 2006 og aftur 12. júlí 2006. Ákvörðunarblöð um veitingu ábyrgðanna voru staðfest af ákærðu Sigríði Elínu og Davíð Björnssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Landsbankans 7. júlí 2006 og ákærða Sigurjóni 12. júlí 2006, þ.e. eftir veitingu ábyrgðanna.

- 2) Samþykktu og undirrituðu fyrir hönd Landsbankans, sjálfskuldarábyrgð Landsbankans á lánssamning Kaupþings, dagsettan 29. júní 2007, við félagið Empennage Inc., að fjárhæð 6.800.000.000 króna, en lánið var á gjalddaga 30. júní 2008. Ábyrgðin var veitt án utanaðkomandi trygginga.

Ákærðu bundu Landsbankann við sjálfskuldarábyrgðina án þess að veiting hennar væri lögð fyrir lánanefnd Landsbankans og án þess að fyllt væri út og staðfest ákvörðunarblað um veitingu ábyrgðarinnar. Greint lán frá Kaupþingi var bundið því skilyrði að andvirði þess yrði varið til uppgreiðslu á lánum, sem vísað er til í lið 1. Lán Kaupþings til Empennage Inc. var tryggt með veði í öllum verðmætum á vörlureikningi nr. 329-26-484354, á hverjum tíma, en við veitingu ábyrgðarinnar voru á vörlureikningnum hlutabréf í Landsbankanum að nafnverði 223.684.211 krónur.

Veiting sjálfskuldarábyrgðanna skv. 1. og 2. lið braut í bága við lánareglur Landsbankans frá árinu 2003 og almennar útlána- og áhættureglur bankaráðs Landsbankans frá árinu 2005.

Sjálfskuldarábyrgðirnar voru veittar vegna lánveitinga Kaupþings til kaupa félaganna Empennage Inc. og Zimham Corp. á hlutabréfum í Landsbankanum. Greind félög höfðu gert valréttarsamninga við Landsbankann í tengslum við veitingu kaupréttu til starfsmanna Landsbankans. Samkvæmt valréttarsamningunum voru félögin skuldbundin til að selja Landsbankanum bréfin til baka á ákveðnu tímabili á fyrirfram ákveðnu gengi.

Kaupþing sendi innheimtuviðvörun til Empennage Inc., dags. 10. ágúst 2009 og gekk í framhaldinu, 7. október 2009, að innstæðu á handveðsettum vörlureikningi, samtals 862.922 krónur, en fékk að öðru leyti ekkert greitt upp í kröfur sínar á hendur félaginu. Þá lýsti Kaupþing kröfu í bú Landsbankans, 30. október 2009, að fjárhæð samtals 10.026.184.261 króna á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar Landsbankans á framangreindum lánveitingum. Slitastjórn Landsbankans hafnaði kröfunni á grundvelli vanreifunar og er krafan í ágreiningsferli.

Brot ákærðu varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemadir sem málsóknin byggist á skv. d lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Af orðalagi 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og íslenskri dómaframkvæmd leiðir að til þess að háttsemi geti talist fela í sér umboðssvik þurfi hún að uppfylla þrjú hlutlæg skilyrði. Þannig þarf gerandi, eða einhver geranda ef um samverknað er að ræða, að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, hann þarf að misnota þá aðstöðu og loks þarf háttsemin að hafa í för með sér tjón eða að minnsta kosti verulega fjártjónshættu.

Aðstaða til að skuldbinda Landsbankann

Óumdeilt er að ákærði Sigurjón var í aðstöðu til að skuldbinda Landsbankann, enda gegndi hann starfi bankastjóra og gat í krafti stöðu sinnar skuldbundið bankann, sbr. 21. gr. samþykkta fyrir Landsbankann og 2. mgr. 74. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 en staða hans jafngildir stöðu framkvæmdastjóra í skilningi laganna. Ákærða Sigríður Elín var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans og meðlimur lánanefndar, en samkvæmt grein 4.8.2 í útlánareglum bankans gat framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs tekið ákvörðun um útlán milli funda lánanefndar ásamt öðrum bankastjóranum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákærðu Sigurjón og Sigríður Elín notfærðu sér þessa aðstöðu þegar þau samþykktu að veita sjálfskuldarábyrgð Landsbankans á lánveitingar til félaganna Empennage

Inc. og Zimham Corp. hjá Kaupþingi samtals að fjárhæð 6.800.000.000 króna og síðar til félagsins Empennage Inc, að sömu heildarfjárhæð.

Misnotkun aðstöðu

Við mat á því hvort skilyrðið um misnotkun aðstöðu sé uppfyllt verður að líta til þess hvort ákærðu Sigurjón og Sigríður Elín höfðu heimild til að skuldbinda Landsbankann með þeim hætti sem þau gerðu. Þótt óumdeilt sé að þau hafi haft umboð til að skuldbinda bankann gagnvart þriðja manni og þannig aðstöðu til að veita þessar tilteknu ábyrgðir, skorti ákærðu heimild gagnvart Landsbankanum til veitingar þeirra. Byggt er á eftirfarandi atriðum til stuðnings því að ákærðu hafi skort slíka heimild og þar með misnotað aðstöðu sína:

Samkvæmt útlánareglum Landsbankans frá árinu 2003 (hér eftir einnig vísað til sem lánareglna) skyldi ákvörðun um ábyrgðir meðhöndlud eins og um útlánaákvörðun væri að ræða, ábyrgðir skyldu að jafnaði vera til tiltekins tíma og veittar með öruggum tryggingum, sbr. greinar 2.6 og 3.4 í reglunum. Þá kom fram í 2. gr. almennra útlána- og áhættureglna bankaráðs Landsbankans frá árinu 2005 að almennt skyldu öll útlán bankans vera vel tryggð, annaðhvort með formlegum tryggingum eða haldi á greiðsluflæði. Eins og fram kom á ákvörðunarblöðum vegna ábyrgða skv. lið 1 í ákæru, þá voru þær veittar „án utanaðkomandi trygginga“. Ekkert slíkt ákvörðunarblað fyrirfinnst vegna ábyrgðar skv. 2. lið ákæru. Engar úttektir voru gerðar á félögum sem lánin runnu til og ekki lágu fyrir ársreikningar þeirra, líkt og kveðið er á um í grein 1.6 í lánareglunum, en einu eignir félaganna voru hlutabréf í Landsbankanum. Þá kemur fram í framangreindum lánareglum að heimilt sé að veita lán án sérstakra trygginga til fyrirtækja þegar ákveðin nánar greind skilyrði eru fyrir hendi, sbr. grein 3.3 í reglunum. Umrædd félög falla ekki undir nein þeirra skilyrða.

Ábyrgðirnar voru samþykktar utan funda lánanefndar en samkvæmt lánareglunum þá skyldu meiri háttar útlánaákvárðanir almennt ekki samþykktar á milli funda lánanefndar, sbr. grein 4.8.2.1 í reglunum, en vegna fjárhæða ábyrgðanna og skorts á tryggingum, hljóta ábyrgðirnar að teljast hvoru tveggja óvenjulegar og sérlega áhættusamar, sbr. grein 4.8 í lánareglunum. Enda þótt fram komi í fundargerðum lánanefndar 5. og 12. júlí 2006 að veiting ábyrgðanna hafi verið samþykkt á milli funda, þá liggur fyrir að ákvörðunarblöð vegna veitingar ábyrgðanna voru ekki undirrituð fyrr en 7. júlí 2006 af ákærðu Sigríði Elínu og Davíð Björnssyni og 12. júlí 2006 af ákærða Sigurjóni, en þá höfðu ákærðu þegar veitt ábyrgðirnar og lánin verið greidd út. Veiting ábyrgðarinna 29. júní 2007 var ekki lögð fyrir lánanefnd Landsbankans og engin skjöl liggja til grundvallar henni önnur en undirritun ákærðu um sjálfskuldarábyrgð Landsbankans á lánssamningi Kaupþings við Empennage Inc. að fjárhæð 6.800.000.000 króna. Var framangreind framkvæmd ákærðu við veitingu ábyrgðanna í andstöðu við greinar 4.1.6 og 4.8 í lánareglum Landsbankans frá árinu 2003.

Líta verður svo á að lánið sem Kaupþing veitti Empennage Inc. 29. júní 2007 hafi verið nýtt lán, en ekki framlenging eða skuldbreyting á eldra láni. Gerður var nýr lánssamningur, lán veitt til eins félags í stað tveggja áður og verulegar breytingar gerðar á tryggingum. Sú sjálfskuldarábyrgð sem ákærðu veittu á lánssamning dags. 29. júní 2007 var því ný og sjálfstæð ábyrgð. Sömu útlánareglur áttu þannig við um veitingu sjálfskuldarábyrgðanna skv. 1. og 2. lið ákæru. Tenging á milli lánssamninganna skv. lið 1 og 2 fólst í því að andvirði láns skv. lið 2 skyldi varið til uppgreiðslu á lánum sem veitt voru skv. lið 1. Þannig giltu sömu reglur varðandi allar ábyrgðarveitingarnar sem ákæran lýtur að. Þess utan er bent á grein 1.8 í lánareglum Landsbankans frá árinu 2003 en þar kemur fram að líta skuli á skuldbreytingu sem nýja lánveitingu.

Veruleg fjártjónshætta

Loks er byggt á því að veruleg fjártjónshætta hafi falist í veitingu ábyrgðanna til Empennage Inc. og Zimham Corp., sem veittar voru í andstöðu við ákvæði laga og innri reglna Landsbankans. Tilgangur þeirra reglna sem hér hefur verið vísað til var fyrst og fremst sá að takmarka fjártjónshætta bankans vegna útlána og fela reglurnar í sér viðmið um það hvað telst ásættanleg áhætta við útlán. Brot á þessum reglum af hálfu ákærðu eru því til marks um að fjártjónshætta af ábyrgðarveitingunum hafi verið mun meiri en almennt þykir ásættanlegt í rekstri fjármálafyrirtækis. Samkvæmt þessum reglum skyldi meðhöndla ábyrgðir eins og um útlánaákvörðun væri að ræða og hlaut ákærðu að vera það ljóst.

Empennage Inc. og Zimham Corp. eru félög skráð í Panama, en fjárvörsluaðili félaganna er fjárvörslufélagið The Aurora Trust. Samkvæmt stofngönum átti hlutafé félaganna hvors um sig að vera 10.000 Bandaríkjadalir. Bankareikningar félaganna bera það aftur á móti ekki með sér að hlutaféð hafi skilað sér til félaganna. Um sjálfstæða lögaðila var að ræða, en ljóst er að starfsmenn Landsbankans höfðu umboð til að skuldbinda félögin vegna þeirra lánssamninga sem ákaran lýtur að. Landsbankinn bar hins vegar enga ábyrgð á skuldbindingum félaganna, aðra en þá sem af sjálfskuldarábyrgðunum leiddi. Einu eignir félaganna voru hlutabréf í Landsbankanum, en eina starfsemi félaganna var gerð valréttarsamninga við Landsbankann, sem fólst í því að félögin keyptu hlutabréf í Landsbankanum og skuldbundu sig til að selja Landsbankanum þau til baka á ákveðnu tímabili á fyrirfram ákveðnu gengi. Landsbankinn var þó ekki skuldbundinn til að kaupa bréfin til baka. Félögin áttu ekki að hagnast á viðskiptunum og greiddi Landsbankinn allan fjármagnskostnað vegna lána félaganna. Ef verð bréfanna lækkaði var útilokað að félögin gætu staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánveitendum og fyrirséð að þá yrði gengið að ábyrgðarveitanda, Landsbankanum.

Þótt Landsbankinn hafi ekki fengið neinar utanaðkomandi tryggingar fyrir veitingu sjálfskuldarábyrgða á lánin verður að líta til þess að Kaupþing veitti lánin gegn veði í tilteknu magni hlutabréfa í Landsbankanum. Þessar tryggingar voru þó engan veginn fullnægjandi enda taldi Kaupþing nauðsynlegt að draga úr áhættu sinni af lánveitingunum með því að láta Landsbankann veita sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánanna. Samkvæmt grein 3.4.8 í lánareglum Landsbankans frá árinu 2003, skyldi að jafnaði ekki meta hlutabréf félaga sem mynduðu úrvalsvisítölulista í Kauphöll Íslands, sem tryggingu, hærra en sem svaraði 50% af markaðsverðmæti þeirra, þ.e. verðmæti hinnar veðsettu eignar varð að vera a.m.k. tvöfalt hærra en fjárhæð lánsins. Hefði Landsbankinn átt veð í hlutabréfunum sem um ræðir í lið 1 í ákæru, þá hefði bankinn ekki mátt meta hina veðsettu hluti vegna láns til Empennage Inc. á hærra verði en 1.225.500.000 krónur og vegna láns til Zimham Corp. á hærra verði en 2.108.000.000 króna, miðað við gengið 20, 4. júlí 2006 og samkvæmt lið 2 ekki á hærra verði en 4.261.184.220 krónur, miðað við gengið 38,1, 29. júní 2007. Ákærðu léttu því af Kaupþingi og lögðu á Landsbankann þá áhættu sem fólst í ófullnægjandi veðtryggingum fyrir endurgreiðslu lánanna.

Í lánssamningunum kom fram að sjálfskuldarábyrgðin gilti að öllu leyti óbreytt, þótt greiðslufrestir væru veittir með skuldbreytingum eða öðrum hætti, uns samningarnir væru að fullu greiddir. Þá jók það á áhættu Landsbankans að bankinn hafði ekkert ákvörðunarvald um það hvort eða hvenær veðköll yrðu gerð vegna vanefnda á lánssamningum eða hvort og þá hvenær yrði gengið að þeim eignum sem veðsettar voru Kaupþingi. Þannig hafði Landsbankinn enga möguleika á því að takmarka það tjón sem af ábyrgðunum gat hlotist.

Ákærði Sigurjón var annar bankastjóra Landsbankans og ákærða Sigríður Elín framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og þekktu þau því eða hlutu að þekkja útlánareglur bankans og aðrar starfsreglur bankans í þaula. Ákærði Sigurjón þekkti einnig vel til félaganna Empennage Inc. og Zimham Corp. og tilgangs þeirra og kom að því að óska eftir fjármögnun fyrir félögin hjá Kaupþingi. Hlaut ákærðu að vera ljós sú verulega fjártjónshætta sem fölst í ábyrgðarveitingunum, án fullnægjandi trygginga. Óhjákvæmilegt er að líta svo á að brot ákærðu hafi verið stórfelld.

Skrifstofa embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008
Reykjavík, 17. janúar 2014,

Arnþrúður Þórarinsdóttir
Arnþrúður Þórarinsdóttir, saksóknari

